

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið af starfsmönnum velferðarráðuneytis, ásamt fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúar frá eftirfarandi aðilum voru boðaðir á fund í ráðuneytinu til að leita álits þeirra: Samtökum félagsmálastjóra, vistunarmatsnefnd heilbrigðisumdæmis höfuðborgarsvæðisins, matsteymi um dvalarrými á höfuðborgarsvæðinu, Félagi stjórnenda í öldrunarþjónustu, Landspítala, Samtökum aldraðra og Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu.

Markmiðið með lagafrumvarpi þessu er einkum að auðvelt sé fyrir aldrað fólk að sækja um vistunarmat vegna dvalar á stofnun. Nú þarf fólk að greina á milli hvort rétt sé að sækja um dvöl á stofnun hjá vistunarmatsnefnd um dvalarrými eða hjúkrunarrými. Aldrað fólk bíður oft lengi eftir dvalarrými og þegar röðin loks kemur að því getur fólk þurft á hjúkrunarrými að halda í stað dvalarrýmis. Það gerir fólki erfitt fyrir að þurfa í umsókn sinni að greina á milli dvalarrýmis og hjúkrunarrýmis. Því auðveldar það fólki að um eitt vistunarmat sé að ræða. Með þessu móti næst bæði að gera fólki auðveldara fyrir en nú er að sækja um vistun á stofnun auk þeirrar hagræðingar sem felst í því að stjórnsýslan á þessu sviði verður einfaldari.

Þá er það talinn kostur að vistunarmatið verði samfelld og heildstætt, hvort sem þörf er á dvalarrými eða hjúkrunarrými. Því er talið nauðsynlegt að ein nefnd sjái um matið. Með því móti verður sköpuð heildarsýn yfir þörf fólks fyrir vistun. Í samræmi við þetta er nauðsynlegt að ein nefnd sjái um matið. Matið getur engu síður verið tvenns konar, félagslegt eða byggt fyrst og fremst á þörf fyrir heilbrigðisþjónustu, en með einni vistunarmatsnefnd verður hvert tilvik skoðað í heild sinni. Þannig fær vistunarmatsnefndin heildarsýn yfir þörf á þjónustu og vistun.

Enn fremur er frumvarpið í samræmi við þær breytingar á vistun aldraðra á stofnun sem átt hafa sér stað að undanfögnu, en dregið hefur verulega úr þörf á dvalarrýmum þar sem fleiri geta búið á heimilum sínum með stuðningi frá sveitarfélögum og ríki. Þegar að stofnanadvöl kemur þurfa flestir á hjúkrunarrýmum að halda.

Með hliðsjón af framansögðu þjónar frumvarp þetta hagsmunum aldraðs fólks, einfaldar stjórnsýsluna og er í samræmi við þær breytingar á vistun aldraðra á stofnun sem átt hafa sér stað að undanfögnu.

Óbreytt er að vistun aldraðra á stofnun getur einungis átt sér stað að önnur úrræði til stuðnings við búsetu fólks heima hafi verið fullreynd.

Til að sameina í eina vistunarmatsnefnd mat á þörf á dvalarrýmum og hjúkrunarrýmum fyrir aldraða þarf að breyta bæði lögum um málefni aldraðra og lögum um heilbrigðisþjónustu.

Þótt þörf á hjúkrunarrýmum sé einkum fyrir aldraða er í undantekningartilvikum um yngra fólk að ræða sem þarf á langtímadvöl í hjúkrunarrými að halda, til dæmis vegna sjúkdóma eða slysa. Eðlilegt er talið að mat á þörf fyrir vistun þessa fólks sé unnið í sömu nefnd og mat á þörfum aldraðra fyrir hjúkrunarrými.

Í vistunarmatsnefndir þarf fólk með þekkingu á bæði heilsufari og félagslegum högum fólks eins og nú er áskilið í lögum um heilbrigðisþjónustu og reglugerð um vistunarmat vegna hjúkrunarrýma og í reglugerð um mat á þörf aldraðra fyrir dvalarrými.

Frumvarpið leiðir ekki til fjárhagslegrar hagræðingar svo neinu nemi. Ástæðan er sú að fulltrúar í vistunarmatsnefndunum fá greitt fyrir hvert mat, en ekki fastar greiðslur fyrir hvern fund. Hugsanlega verður þó eitthvert hagræði af því að starfsmönnum nefndanna fækki. Hagræðingin felst í því að stjórnsýslan verður einfaldari.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra og lögum um heilbrigðisþjónustu (sameining vistunarmatsnefnda).

Í frumvarpinu er lagt til að vistunarmatsnefndir fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými verði sameinaðar innan heilbrigðisumdæma. Markmið frumvarpsins er einkum að auðvelda öldruðu fólki að fá vistunarmat vegna dvalar á stofnun og einnig að gera vistunarmat samfellt og heildstætt hvort sem þörf er á dvalarrými eða hjúkrunarrými. Er ætlunin að því verði náð fram með því að sama vistunarnefndin meti einstaklinga varðandi þörf fyrir hjúkrunarrými og þörf fyrir dvalarrými.

Í frumvarpinu segir að ráðherra skipi þriggja manna nefnd í hverju heilbrigðisumdæmi til að annast vistunarmötin en í fjölmennari heilbrigðisumdæmum hafi hann þó heimild til að skipa sex menn. Samkvæmt núgildandi reglum skulu tveir nefndarmenn meta þörf á dvalarrýmum en þó er heimilt að kalla til varamann ef þörf krefur. Þrír nefndarmenn meta þörf á hjúkrunarrýmum og því er einungis um breytingu að ræða á því sviði fyrir fjölmennari heilbrigðisumdæmi. Í frumvarpinu er ekki gerð frekari grein fyrir því hvort allir sex nefndarmennirnir í fjölmennari heilbrigðisumdæmum muni fara saman yfir hvert mat eða hvort matinu gæti verið dreift þannig að t.d. þrír nefndarmenn fari yfir vistunarmat hverju sinni. Gera þarf verklagsreglur skýrar hvað þetta varðar og getur ráðherra kveðið nánar á um vistunarmat í reglugerð.

Nefndarmenn fá greitt fyrir hvert mat fyrir sig en ferðakostnaður, launakostnaður aðstoðarstarfsmanna og kostnaður við aðstöðu er greiddur sérstaklega. Ekki er áformað að gera breytingar á þessu fyrirkomulagi né á fjárhæð þóknunar fyrir hvert mat. Kostnaður vegna vistunarmata fyrir þörf á dvalarrýmum hefur verið um 14 þús. kr. en kostnaður vegna mata fyrir þörf á hjúkrunarrýmum hefur verið um 34 þús. kr. Áætlað er að kostnaðurinn við vistunarmat í sameinaðri nefnd verði sambærilegur því sem hann hefur verið. Árlegur heildarfjöldi vistunarmata er um 1.670 og eru fjárveitingar vegna þeirra samtals rúmlega 51 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð að því gefnu að þrír nefndarmenn fari yfir vistunarmat hverju sinni. Sameining nefndanna gefur raunar möguleika á hagræðingu með fækkun starfsmanna.

Ekki verður því séð að lögleiðing frumvarpsins hafi teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.